

Endurskoðuð reglugjörð

120
18. okt.

fyrir Landsbankann í Reykjavík.

I. kafli.

Um stjórn bankans.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., skal bankanum stjórnað af 2 bankastjórum og 2 gæzlustjórum.

Bankastjórnarnir skulu annast dagleg störf bankans og stýra þeim; störfum skifta þeir milli sín eftir því sem þeir álita hagkvæmast fyrir bankann.

Gæzlustjórnarnir eiga að hafa umsjón með, að lögunum um Landsbankann og veðdeild hans sé fylgt, og farið sé eftir ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; er þeim því eigi aðeins heimilt, hvenær sem er, að vera viðstaddir í bankanum til þess að hafa eftirlit með störfunum þar, heldur einnig skylt, svo oft sem þörf er á, og sérstaklega þegar bankastjórnarnir annar eða báðir, kveðja þá á fund með sér, til þess að ræða þau málefni, sem snerta bankann og bankastjórnar óska álits þeirra um.

2. gr.

Bankastjórnin skal hafa eftirlit með því, að endurskoðun fari fram að minsta kosti mánaðarlega, til þess að flýta fyrir úrskurðun og birting ársreiknings bankans, og afgreiðslu ársstjórnungsreikninga hans.

Sýni endurskoðendur vandrækslu í þessu efni, skal bankastjórnin skýra stjórnarráðinu frá því.

3. gr.

Bankastjórnin skal hafa eftirlit með bókfærslunni og gjaldkerastörfunum, og kynna sér að minsta kosti einu sinni á hverju missiri, hvort alt það fé, sem féhirði er trúað fyrir samkvæmt 6. gr., er í sjóði hjá honum, eins og á að vera eftir bókunum.

120
18. okt. Sérstaklega ber bankastjórunum að hafa stöðugt eftirlit með því, að starfsmenn bankans ræki skyldur sínar með vandvirkni og kostgæfni.

4. gr.

Bankastjórnin ákveður vinnutíma bankans og skal annast um, að almenningi verði birt hvenær bankinn sé opinn.

Hvern dag, sem bankinn er opinn, skulu báðir bankastjórnir, eða að minsta kosti annar bankastjórinn og annar gæzlustjórinn, vera þar viðstaddir eigi skemur en 2 klst., nema sérstök atvik banni.

5. gr.

Á aðalpeningahirzlu bankans skal læsingin vera þannig gjör, að ekki verði henni lokið upp nema með 2 lykllum, sem ekki eru eins. Hefir annarhvor bankastjórinn annan lykilinn, en féhirðir hinn, og verða þeir því ávalt tveir að vera við þegar hún er opnuð.

Þegar eitthvað er tekið úr sjóði, eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð.

Skal féhirðir rita nafn sitt undir ef úr sjóði er tekið, en bankastjóri ef í hann er látið.

6. gr.

Féhirði skal fengin önnur fjárhirzla, er hann skal geyma í það fé, sem honum er fengið til daglegra þarfa, og hefir hann einn lykil eða lykla að henni.

7. gr.

Láta skal öll áriðandi skjöl og bækur inn í eldtrygga og traustlæsta skápa bankans, þegar störfum er lokið hvern dag.

8. gr.

Bankastjórnir útkljá báðir í sameiningu þau málefni, sem varða bankann, en greini þá á, ræður atkvæði þess gæzlustjórans, er fyr var kosinn, sé hann viðlátinn, annars atkvæði hins gæzlustjórans.

Nú er aðeins annar bankastjórinn viðstaddur, og greinir hann á við gæzlustjórana báða, skal hann þá eigi skyldur til að framkvæma ákvörðun þeirra, þegar hann álitur að bankinn geti haft óhag af henni. En aldrei má hann framkvæma neitt það, er báðir gæzlustjórnir hafa neitað að samþykkja.

Bæði bankastjórar og gæzlustjórar eiga rétt á að rita ágreiningsatkvæði í gjörðabók bankastjórana, enda skrifa þeir þá allir undir hana. Bankastjórar

skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf, eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

120
18. okt.

Kvittanir frá bankanum eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær, og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Í forföllum þeirra er þó jafngild kvittun þess eða þeirra, er þeir fela starf sitt, í samráði við bankastjórnina.

Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjórnanna.

Nú er annarhvor bankastjórnanna forfallaður, undirskrifar þá annarhvor gæzlustjórnin í hans stað.

Seðla þá, sem gefnir eru út fyrir landssjóð handa Landsbankanum, skal einhver embættismanna hans undirskrifa eftir því sem bankastjórnin ákveður í hvert sinn.

9. gr.

Starfsmenn bankans eru skyldir til að hlýða boðum bankastjórnanna.

Þeir skulu vinna bankastjórninni eið að því, eða undirskrifa drengskaparheit um það, að þeir með árvekni og samvirkusemi skuli gegna störfum þeim, sem þeim eru falin, og ekki gera neinum út í frá kunnugt um málefni bankans, né segja frá um viðskifti einstakra manna við hann.

10. gr.

Reikningsár bankans er almanaksárið. Eftir nýjár skal semja ársreikninginn; skal hann vera fullbúinn fyrir 24. apríl ár hvert, og sendur stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um lánveitingar.

11. gr.

Bankinn veitir lán gegn tryggingu með 1. veðrétti í jarðeignum, þar á meðal ræktuðum erfðafestulöndum með húsum, og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum; þó má í einstöku tilfellum veita lán gegn 2. veðrétti, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr bankanum gegn fasteignarveði, verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargjörð samkvæmt eftirfylgjandi:

120 Eignir þær, er setja skal að veði, skulu 2 óvilhallir menn, dómkvaddir
 18. okt. eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánsækjanda. Þó getur stjórn bankans, þegar henni eftir ástæðum finst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu.

Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, sköttum eða afgjöldum.

Í virðingargjörðinni skal eignunum ítarlega og greinilega lýst, og fram tekin öll þau atriði, kostir og gallar, er áhrif geta haft á verðið.

Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram alt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið, og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemdum af vatnagangi, skriðum, sandfoki, snjóflóði o. fl.

Þess skal getið hver hús séu á jörðinni og hvað þau séu virt hvert fyrir sig, og eins skal fram tekið virðingarverð jarðarinnar sjálfrar, án húsa.

Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til alt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru bygðar úr, og að svo miklu leyti sem unt er, gæði þess, og ennfremur aldur bygginganna og viðhald, og ef kvaðir nokkrar eru á þeim.

Að lokum skal í virðingargjörðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum svo kunnugt sé, skal skýrt frá hvað gefið hafi verið fyrir hana síðustu skiftin.

Til þess að hús í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og verzlunarstöðum séu tekin að veði, útheimtist, að þau séu trygð í váttryggingarfélagi, er hefir umboðsmann í Reykjavík, og bankinn tekur gilt.

Hús, sem fylgja jörðunni verða eigi sérstaklega tekin að veði, enda þótt váttrygð séu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Sama er og um hús utan kaupstaða og verzlunarstaða, sem eigi eru notuð við ábúð á jörðu, eða ræktuðum erfðafestulöndum.

b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggja á eigninni og hver þau séu, svo að það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett bankanum.

c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unt, þá vottorð hans um, að eignin sé vitanlega hans eign.

d. Ef um váttrygðar eignir er að ræða, afhendist bankanum váttryggingarskirteini og

e. kvittun fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

120

f. Sé um leigulóð að ræða, verður lóðarsamningur að fylgja lánskjöli 13. okt. unum, sem sé þinglesinn, eða innritaður til þinglestrar.

13. gr.

Bankinn lánar fé gegn sjálfskuldarábyrgð, er bankastjórnarnir álíta fullnægjandi. Bankinn veitir einnig reikningslán gegn þeim tryggingum, sem bankastjórnar ákveða og fyrir það tímabil, sem þeim og lántakanda semur um.

14. gr.

Bankinn lánar fé gegn handveði svo sem arðberandi áreiðanlegum verðbréfum og öðrum þeim munum, sem bankastjórnarnir taka gilda og sjá bankanum fært að geyma.

Ennfremur má veita lán um stuttan tíma gegn tryggingu í váttrygðum verzlunaryörum, sem bankanum eða trúnaðarmönnum hans eru afhentar sem handveðstrygging, eða vörum samkvæmt farmskirteini, sem bankanum eru afhent eða framselt.

15. gr.

Bankinn má veita lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, og gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfylgjandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda (sýslunefndar og stjórnarráðs) til lántökkunnar.

b. Fjárhagsreikningur sýslunnar, sveitar- eða bæjarfélagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.

c. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um það, að þeir menn, er annast um lántökuna eða veita umboð til að taka lánið, séu réttir hlutaðeigendur.

d. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið, og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.

16. gr.

Bankinn veitir lán til prestakalla svo og til almannastofnana með þeim skilyrðum, sem stjórnarráðið heimilar í hverju einstöku tilfelli.

17. gr.

Bankinn kaupir og selur vixla, ávisanir og tékkávisanir, hvort sem greiðslustaðurinn er hér á landi eða erlendis, skuldabréf, útlenda peninga og dýra málma.

Einnig tekur hann að sér að innheimta vixla og ávisanir.

18. gr.

Bankinn getur heimtað 1 árs vexti fyrirfram af lánum, sem hann veitir.

19. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar hversu mikið hún vill lána að tiltölu við virðingarverð veðsins, en hún lánar þó að öllum jafnaði ekki nema út á helming virðingarverðs, og engu sinni meira en $\frac{2}{3}$ þess.

20. gr.

Peir, sem vilja fá lán úr bankanum, skulu beiðast þess skriflega og geta þeir fengið prentuð eyðublöð undir slíkar beiðnir ókeypis í bankanum. Svar bankastjórnarinnar upp á slíka beiðni verður að eins gefið munnlega, og getur enginn, sem synjað er um lán, heimtað, að honum sé gjörð grein fyrir, hverjar ástæður séu til synjunarinnar.

21. gr.

Sérhver skuldunautur bankans má greiða lán það, er hann hefir fengið, alt eða nokkurn hluta þess, áður en gjalddagi sá, sem ákveðinn er í skuldabréfinu, er kominn, og fær hann þá endurgoldinn tiltölulegan hluta þeirra vaxta, er hann hefir fyrirfram greitt, af upphæð þeirri, sem hann greiðir fyrir réttan gjalddaga, en þó eigi hærri vexti, en bankinn á þeim tíma gefur fyrir sparisjóðsinnlög, og ef rentuupphæðin nemur meiru en 3 kr

22. gr.

Lán gegn fasteign og handveði veitist með afborgun og vöxtum eigi til lengri tíma en 10 ára, nema bankastjórnin í sérstökum tilfellum sjái það hagnað fyrir bankann; hún kveður og á um það, hvernig afborgun lánsins sé greidd. Lán gegn sjálfskuldarábyrgð og váttrygðum vörum veitist eigi til lengri tíma en 1 árs í senn.

23. gr.

Það er á valdi bankastjórnarinnar, hvernig hagað er bókum og reikningsfærslu bankans, en kosta skal kapps um, að ætíð sé auðvelt að kynna sér fjárhag bankans.

24. gr.

Af varasjóði bankans skal jafnan fyrir liggja í konunglegum skuldabréfum, eða öðrum áreiðanlegum verðbréfum, sem auðseld eru eða setja má að handveði fyrir láni, eigi minna en 20% af þeirri upphæð, er innstæðufé á innláns-skirteinum og í sparisjóði nemur. Að öðru leyti má fé varasjóðs standa í veltu bankans.

III. kafli.

120
18. okt.*Um ávöxtun fjár með sparisjóðskjörum.*

25. gr.

Bankinn tekur við fé til ávaxta með sparisjóðskjörum, minst 1 kr. í senn. En þó er hann eigi skyldur að taka við stórfé, þegar bankastjórnin álitur það óhagnað fyrir bankann.

26. gr.

Þegar innstæðan nemur minst 5 kr., reiknast vextir af heilum krónum frá næsta degi eftir að féð er lagt inn, þó eigi í minni þörtum en heilum aurum.

Vextir reiknast til 31. desember ár hvert og leggjast þá þegar við höfuðstólinn. Af upphæðum, er nema 1000 krónum eða þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar upphæðir þessar standa skemur en 2 mánuði bankanum.

27. gr.

Af fé, sem bankinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það er menn óska án uppsagnarfrests, þegar bankastjórnin sér sér það fært, en heimta má, að upphæðum frá 500—1500 kr. sé sagt upp með viku fyrirvara, og upphæðum þar yfir með 3 mánaða fresti.

Án 3 mánaða uppsagnarfrests er bankanum eigi skylt að borga meira en 2000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiftabók.

28. gr.

Þeim, er í fyrsta sinn leggur fé inn með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiftabók, er hann greiðir 25 aura fyrir.

Fyrir innlögum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiftabókina, og er það full sönnun fyrir greiðslunni.

Það er eigi á ábyrgð bankans, þótt handhafi viðskiftabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiftabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Í hvert skifti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóði, skal það um leið vera ritað í viðskiftabókina. Vexti skal innfæra í viðskiftabækurnar, þegar þær næsta skifti eftir 14. janúar ár hvert eru sýndar í bankanum. Bankastjórnin löggildir viðskiftabækurnar.

120

18. okt.

29. gr.

Glatist viðskiftabók, ber eiganda að snúa sér til bankastjórnarinnar, er annast um, að handhafa hennar verði stefnt samkvæmt 10. gr. bankalaga 18. sept. 1885.

Kostnaðinn greiðir eigandi.

30. gr.

Bankastjórninni er heimilt að segja lausu fé, sem er á vöxtum í bankanum með sparisjóðskjörum, með 12 vikna fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í viðskiftabókina eða gefa út auglýsing um hana, er sé birt í því blaði í Reykjavík, er stjórnarvalda auglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

31. gr.

Ef eigandi að innstæðufé hvorki leggur inn né tekur út í 15 ár samfleytt, verður hætt að greiða vexti af því, og verður þá með auglýsingu, er skal birt með missiris fyrirvara á þann hátt, sem segir í 29. gr., skorað á eiganda að hirða féð. Gefi hann sig ekki fram áður en fresturinn er liðinn, er viðskiftabók hans ógild, en féð ásamt vöxtum rennur í bankann; þó má bankastjórnin, ef réttur eigandi gefur sig fram innan 5 ára, greiða féð, að meira eða minna leyti, ef stjórnarráðið leyfir.

32. gr.

Bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins, hve háa vexti skuli greiða af innlögðu fé með sparisjóðskjörum.

Ef lækkun verður á vöxtunum, skal birta vaxtabreytinguna í blaði því Reykjavík, er flytur stjórnarvaldauglýsingar, og í að minsta kosti tveimur öðrum blöðum; skal vaxtalækkunin í hvert skifti ganga í gildi á þeim tíma, er bankastjórnin með samþykki stjórnarráðsins ákveður.

33. gr.

Mönnum verða eigi gefnar upplýsingar um eigur annara í bankanum.

34. gr.

Sá, er tekið hefir alt út úr viðskiftabók sinni, skal skila henni í bankann; sé bók útskrifuð, fær hann aðra bók ókeypis, ef hann vill halda viðskiftunum áfram.

IV. kafli.

120

18. okt.

Um hlaupareikningsviðskifti m. m.

35. gr.

Hver sá, sem vill byrja hlaupareikning við bankann, skal semja um það við bankastjórana.

36. gr.

Sá, sem leggur fé í hlaupareikning, getur fyrir borgun fengið viðskiftabók, sem stjórn bankans löggildir. Ráðstafað getur hann því fé, er hann á á hlaupareikningi, eins og hann vill, hvort heldur tekið það út sjálfur, með því að framvísa viðskiftabókinni, eða afhenda tékkávisun, eður ávísað öðrum.

Hafi hann viðskiftabók, skal færa greiðslurnar í hana í hvert sinni, sem hún er sýnd í bankanum, skulu þá bókar og gjaldkeri staðfesta innfærsluna í bókina, með undirskrift sinni, og er það full sönnun fyrir greiðslunum.

37. gr.

Sá, sem ætlar að vísa á eign sína í hlaupareikningi eða úr reikningsláni sínu, fær hjá bankanum fyrir borgun tékkávisanabók, sem nota skal, þegar ávísað er. Skyldi fyrir koma, að fölsk ávísun sé afhent bankanum og greidd, þá ber sá skaðann, sem þar af leiðir, sem féð á, en eigi bankinn, og sama gildir þó handhafi viðskiftabókar fái útborgað fé úr henni án löglegrar heimildar.

38. gr.

Í tékkávisun, sem gefin er út á innstæðu í hlaupareikningi og á reikningslán, verður upphæðin að vera tilgreind með tölustöfum og bókstöfum.

Sé þessa ekki gætt, þá er bankinn eigi skyldur til að útborga ávísunarupphæðina. Sé fjárhæðin tilgreind öðruvísi með tölustöfum en bókstöfum, þá gildir minni upphæðin.

39. gr.

Af fé því, sem stendur inni í bankanum á hlaupareikningi, skal bankinn greiða vexti eftir því, sem bankastjórarnir ákveða í hvert skifti.

40. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikning annara manna.

1911

216

120

41. gr.

18. okt.

Heimilt er bankastjórunum að taka fé til ávöxtunar eftir sérstökum samningi í hvert skifti, og gefa viðtökuskirteini fyrir fénu.

42. gr.

Hérmeð er úr gildi feld endurskoðuð reglugjörð fyrir Landsbankann í Reykjavík 8. apríl 1894.

Framanskráð reglugjörð er hérmeð útgefin samkvæmt lögum nr. 14, 18. september 1885 um stofnun Landsbanka og lögum nr. 12, 9. júlí 1909 um breyting á þeim lögum.

Í stjórnarráði Íslands, 18. október 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

121

21. okt.

Auglýsing

um

viðauka við auglýsing 20. júlí 1910, um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1914 eftir ákvæðum sýslunefnda og bæjarstjórna samkvæmt 9. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.

Vestur-Skaftafellssýsla:

frá 14 til fullra 16 ára aldurs 55 kr.

Austur-Skaftafellssýsla:

frá 14 til fullra 16 ára aldurs 25 kr.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 21. október 1911.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.